

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 30. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald o.fl., með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 2. gr. reglugerðarinnar:

Á eftir orðunum „til risnu“ í 3. og 7. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar komi: um borð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

**um breyting á reglum nr. 39, 3. febrúar 1992,
um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.**

1. gr.

Á eftir 1. málslíð 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar komi málslíður er orðist svo:
Ráðuneytið getur falið stofnun að annast útgáfu slíkra heimilda.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 9. janúar 1996.

Friðrik Sophusson.

Skarphéðinn Steinarsson.